

Mál nr. 18/2015
M og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.

Starfsmaður meiddist þegar hann steig í bleytu á verkstæðisgólfi þ. 7.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 14.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 30.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M starfsmaður B segist hafa stigið í snjóbleytu á verkstæðisgólfi og snúningur komið á líkama hans og hann slasast. M segist hafa verið yfirmaður á verkstæðinu í tvö ár og reglan hafi verið sú að þegar búið hafi verið að gera við bifreið hafi starfsmanni borið að sópa öllum snjó og bleytu í niðurföll áður en byrjað væri að gera við nýja bifreið. M segir að lítið hafi verið að gera og slysið átt sér stað á almennt gönguleið um verkstæðið. M segist hafa verið í öryggisskóm með háлкуverjandi sólum. M vísar til reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki fallið í umrætt sinn og því ekki orðið fyrir sérstöku höggi á öxlina. V segir B ekki kannast við þá reglu um þrif eftir viðgerð hvernar bifreiðar, en starfsfólk þrífi gólfið hins vegar reglulega. V bendir á að snjóað hafi allan daginn sem slysið varð og óhapp M kalli ekki á það að Vinnueftirlitinu sé tafarlaust gert viðvart. V mótmælir því að M hafi verið í öryggisskóm með háлкуverjandi sólum í umrætt sinn. V telur því að um óhappatilvik sé að ræða en verði ekki rakin til saknæmrar háttsemi B.

Álit.

Vinnueftirlit ríkisins var ekki tilkynnt um slysið og engar upplýsingar liggja fyrir um verkstæðisgólfið og frágang þess. Þeirra upplýsinga var V þó í lófa lagið að afla við meðferð málsins. Ekki er um það deilt að bleyta var á verkstæðisgólfinu og ágreiningur er um hvaða verklagi hafi átt að fylgja við þrif á gólfinu. Upplýst er að snjókoma var allan þann dag þegar slysið varð og því brýn þörf á að gæta vel að þrifum á verkstæðisgólfi en ekki er upplýst að svo hafi verið gert eða eðlilegum vinnureglum hafi verið fylgt í því sambandi. Í málinu liggur ekki heldur fyrir úttekt á starfsaðstöðu eða hvort þrif hafi verið fullnægjandi og verður að líta svo á að V beri hallann af þeim vafa. Verður slíkur vafi ekki túlkaður öðruvísi en að slys M geti allt eins verið vegna þess að vinnureglum var ekki fylgt í greint sinn. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.2.2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.